



*Gleðilegt
nýtt ár*

*Með þökk fyrir
viðskiptin á árinu
sem er að líða*

Sjónaukinn

52. tbl 31. árg
28. des - 3. jan 2017

Útg. Umf. Kormákur
Abm. Hörður Gyllfason



Flugelda- markaður



Flugeldamarkaður Björgunarsveitarinnar Húna
verður opin á eftirtöldum dögum milli jóla og nýárs í Húnabúð.

Miðvikudaginn	28. desember	16-21
Fimmtudaginn	29. desember	16-21
Föstudaginn	30. desember	10-22
Gamlársdag	31. desember	9-16

Þeir sem kaupa flugelda hjá okkur fyrir meira en 15.000 kr fara í flugeldapottin sem dregið verður úr kl 14:00 á gamlársgluggi í Húnabúð og geta því unnið flugelda, tertur o.fl.

Kveikt verður í áramótabrennunni við Höfða kl 21:00 á gamlársgluggi og þar á eftir verður flugeldasýning í boði fyrirtækja í Húnaþingi vestra.

Hvetjum alla til að mæta á brennuna og eiga góða stund saman. Sendum öllum okkar bestu óskir um gleðilegt nýtt ár, jafnframt óskum við þess að þið megið eiga slysalaus og ánægjuleg áramót. Sem og þökkum við stuðningin á árinu sem senn er að líða.

Björgunarsveitin Húna



Flugeldamarkaður
Björgunarsveitarinnar Húna

Húsnæðisbætur 2017

Frá janúar 2017 mun Vinnumálastofnun annast greiðslur húsnæðisbóta sem koma í staðinn fyrir húsaleigubætur sem áður var sótt um til sveitarfélaga.

Opnað hefur verið heimasíðu: www.husbot.is, þar eru helstu upplýsingar að finna, reiknivél til að skoða hvernig bætur munu verða og hægt er að senda inn rafræna umsókn. Þar er einnig að finna eyðublað til útfyllingar fyrir þá sem ekki hafa tök á því að sækja um rafrænt.

Sveitarfélag Húnaþing vestra mun setja sér reglur um sérstakan húsnæðisstuðning sem ætlað er að lækka greiðslubyrði til viðbótar við húsnæðisbætur og vegna leigu 15-17 ára leigjenda á heimavistum og námsgörðum. Hægt verður að sækja um þann stuðning í janúar 2017 í Ráðhúsinu.

Nánari upplýsingar og aðstoð veitir Henrike Wappler, félagsráðgjafi, sími 455 2400.

Akstursstyrkir vegna leikskólabarna.

Umsóknum um styrki vegna aksturs barna til vistunar í leikskóla tímabilið **júlí til desember árið 2016**, ber að skila á skrifstofu Húnaþings vestra, Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Sækja þarf um á þar til gerðum eyðublöðum sem fást á skrifstofu sveitarfélagsins, einnig er hægt að nálgast þau á heimasíðunni www.hunathing.is undir liðnum eyðublöð. Með umsókninni þarf að fylgja með staðfesting leikskólastjóra. Reglur um akstursstyrki eru á heimasíðunni www.hunathing.is undir liðnum reglugerðir og samþykktir.

Nánari upplýsingar veitir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs í síma 455 -2400

Ath. Sækja þarf um styrkinn innan tveggja mánaða frá birtingu auglýsingar annars fellur hann niður. Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Óskum iðkendum okkar sem og foreldrum og fjölskyldum þeirra


Gledilegs nýs árs

með þökk fyrir það gamla.

Megi nýja árið færa ykkur farsæld og frið

Þökkum öllum þeim sem á einn eða annan hátt hafa stutt við bakið á okkur í íþróttarstarfinu.

Sérstakar þakkir til þeirra foreldra sem lagt hafa sig fram við sjálboðavinnu.



*Stjórn
Umf. Kormáks*

Menningarfélag Húnaþings
vestra kynnir:

Styrktar-
jólátónleikar

KINGS OF THE STONE AGE
Schnitzell
EL QUINTO SOL
Red stripes

kl. 22:00
Sjávarborg
29. desember 2016

Styrktartónleikar Menningarfélags Húnaþings vestra

Haldnir 29. desember á Sjávarborg.
Tónleikarnir hefjast klukkan 22:00.

Miðaverð krónur 2000,
1500 fyrir félagsfólk Menningarfélagsins
Engin posi á staðnum.

Fram koma.
Red Stripes
Kings of the stone age
Schnitzell
El Quinto Sol
(Hljómsveit frá Mexico)

Allur ágóði rennur til starfsemi
Menningarfélags Húnaþings vestra.

Rokkum um jólin

Helgihald um áramót og nýár



Hvammstangakirkja

31. desember. Gamlársdagur.
Aftansöngur kl. 16.00.

Staðarbakkakirkja

1. janúar. Nýársdagur.
Hátíðarmessa kl. 16.00.
Sr. Magnús Magnússon þjónar.

Óskum öllum héraðsbúum gleðilegs nýs árs
með kæru þakklæti fyrir liðið ár.

Sóknarprestar

Vörur á tilboði í KVH fyrir áramótapartýið

Góu Hraunbitar	249 kr.
Góu súkkulaðirúsínur ljósar	399 kr.
Doritos 175 gr	199 kr.
lays (paprika,salt,sour,cheese)	249 kr.
Bugles	199 kr.
Pepsi og pepsi max 4 pack	799 kr.

JÓLAHAPPDRÆTTI KVH

Eftirtaldir vinningshafar voru dregnir út í jólahappdrætti KVH
Þau fá að gjöf veglega gjafakörfu frá KVH

Elín Jóna Rósinberg

Kristbjörg Sigurnýasdóttir

Hildur Guðmundsdóttir

Kaupfélag Vestur Húnvetninga

Sími 455 2300

KVH opnun KVH um áramót

	Kjörbúð	Byggingarvörur	Pakkhús	Átvar
Gamlársdagur	10.00-12.00	10.00 - 12.00	Lokað	10.00-12.00
1.Janúar	Lokað	Lokað	Lokað	Lokað
2.Janúar	Lokað vegna vörutalningar			

Aðra daga er hefðbundinn opnunartími.



Kaupfélag Vestur Húnavetninga
Strandgata 1. sími 455-2300

Akstursstyrkir

Umsóknum um styrki vegna aksturs barna/unglinga á íþróttæfingar og í tónlistarskóla árið 2016, ber að skila á skrifstofu Húnaþings vestra, Hvammstangabraut 5, Hvammstanga sem fyrst.

Sækja þarf um á þar til gerðum eyðublöðum sem fást á skrifstofu sveitarfélagsins, einnig er hægt að nálgast þau á heimasíðunni www.hunathing.is undir liðnum eyðublöð.

Með umsókninni þarf að fylgja með staðfesting um ástundun. Reglur um akstursstyrki eru á heimasíðunni www.hunathing.is undir liðnum reglugerðir og samþykktir.

Nánari upplýsingar veitir skrifstofustjóri í síma 455-2400

Ath. Sækja þarf um styrkinn innan tveggja mánaða frá birtingu auglýsingar annars fellur hann niður.
Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Umhverfismoli

Allur jólapappír má fara í endurvinnslutunnuna. Undanskilinn er glans „jólapappír“ sem er úr plasti og fer með plastinu í lokuðum pokum í endurvinnslutunnuna.

Tilvalið er að geyma það sem heilt er, eins og t.d. skrautborða og jólapappír og nota aftur á næsta ári.

Kæru ættingjar og vinir

*Óska ykkur farsæltkomandi ár
þakka árið sem er að líða.*



Erla Pétursdóttir
Nestúni

Íbúar Húnaþings, ættingjar og vinir!

Megi nýja árið verða ykkur gjöfult og gott.

Takk fyrir allt á líðandi ári.

Ása Ólafs.



Vegna framkvæmda í íþróttamiðstöð Húnaþing vestra verður lokað í sund, þrek og íþróttasal dagana þriðjudaginn 2. janúar til og með laugardaginn 7. janúar.

Íþróttamiðstöðin opnar aftur sunnudaginn 8. janúar. kl. 10:00. Beðist er velvirðingar á þeim óþægindum sem það kann að valda. Íþrótt- og tómstundafulltrúi